

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um elleftu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf.

Með heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 21. september 2009 var tilgreint að fjármögnun NBI hf. og útgáfu fjármálagernings um lokauppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til NBI hf. skyldi lokið eigi síðar en þann 9. október 2009.

Í bréfi til Fjármálaeftirlitsins frá fjármálaráðuneytinu og Landsbanka Íslands hf., dags. 12. október 2009, kemur fram að undirritaður hafi verið rammasamningur milli samningsaðila en þörf sé á frekari fresti til frágangs fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til NBI hf. og samninga.

Í ljósi framangreinds ákveður Fjármálaeftirlitið að breyta 2. ml. 13. tl. fyrri ákvörðunar eftirlitsins þann 9. október 2008, sbr. ákvarðanir eftirlitsins í þessu máli, dags. 15. júní 2009, 18. júlí 2009, 14. ágúst 2009 og 21. september 2009.

ÁKVÖRÐUN:

Fjármögnun NBI hf. og útgáfa fjármálagernings um lokauppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til NBI hf. skal lokið eigi síðar en þann 6. nóvember 2009.


Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

14. október 2009.



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Gunnar P. Andersen
Forstjóri